

**I EES-STOFNANIR****1. Sameiginlega EES-nefndin**

	Til lesenda .....	1
<b>2012/EES/56/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	1
<b>2012/EES/56/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	4
<b>2012/EES/56/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	5
<b>2012/EES/56/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	8
<b>2012/EES/56/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	28
<b>2012/EES/56/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn .....	30
<b>2012/EES/56/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið), XIX. viðauka (Neytendavernd) og bókun 37 við EES-samninginn .....	31
<b>2012/EES/56/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	33
<b>2012/EES/56/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	34
<b>2012/EES/56/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	35
<b>2012/EES/56/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	37

<b>2012/EES/56/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn . . . . .	39
<b>2012/EES/56/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn . . . . .	41
<b>2012/EES/56/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn . . . . .	42
<b>2012/EES/56/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	43
<b>2012/EES/56/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	44
<b>2012/EES/56/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	45
<b>2012/EES/56/18</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins og bókun 37 með skrá sem kveðið er á um í 101. gr. við EES-samninginn . . . . .	46
<b>2012/EES/56/19</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. . . . .	48

## **II EFTA-STOFNANIR**

- 1. Fastanefnd EFTA-rikjanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

## **III EB-STOFNANIR**

- 1. Framkvæmdastjórnin**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2012 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 103/2012

2012/EES/56/01

frá 15. júní 2012

### um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 30. apríl 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn afleidda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2011 frá 14. júlí 2011 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafanir til varnar sýkingum í hundum af völdum *Echinococcus multilocularis* <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn afleidda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1153/2011 frá 30. ágúst 2011 um breytingu á I. viðauka b við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar tæknilegar kröfur varðandi bólusetningar gegn hundæði <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2007/43/EB frá 28. júní 2007 um lágmarksreglur um vernd eldiskjúklinga <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/629/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á viðauka D við tilskipun ráðsins 88/407/EBE að því er varðar viðskipti innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni sem er sent frá sæðisöfnunarstöðvum og sæðisgeymslustöðvum <sup>(5)</sup>.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísu og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 182, 12.7.2007, bls. 19.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 22.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003) í hluta 1.1:

„– **32011 R 1153**: Afleidd reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1153/2011 frá 30. ágúst 2011 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 13).“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir 148. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/215/ESB) í hluta 1.2:

„149. **32011 R 1152**: Afleidd reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2011 frá 14. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 6).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við skrána í A-hluta I. viðauka:

NO	Noregur	Allt yferráðasvæðið
----	---------	---------------------

“““

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE) í hluta 4.1:

„– **32011 D 0629**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/629/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 22).“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 6. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE) í hluta 8.1:

„– **32011 D 0629**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/629/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 22).“

5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 12. lið (tilskipun ráðsins 2008/119/EB) í hluta 9.1:

„13. **32007 L 0043**: Tilskipun ráðsins 2007/43/EB frá 28. júní 2007 um lágmarksreglur um vernd eldiskjúklinga (Stjtið. ESB L 182, 12.7.2007, bls. 19).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

## 2. gr.

Norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1152/2011 og 1153/2011, tilskipunar 2007/43/EB og ákvörðunar 2011/629/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 104/2012****2012/EES/56/02****frá 15. júní 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 30. apríl 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2012 frá 11. janúar 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar kröfur varðandi frosin matvæli úr dýraríkinu sem ætluð eru til manneldis <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32012 R 0016**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2012 frá 11. janúar 2012 (Stjtið. ESB L 8, 12.1.2012, bls. 29).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 16/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 8, 12.1.2012, bls. 29.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 105/2012****2012/EES/56/03****frá 15. júní 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2012 frá 30. apríl 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 234/2011 frá 10. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1130/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum sem samþykkt eru til notkunar í aukefnum í matvælum, ensímum í matvælum, bragðefnum í matvælum og næringarefnum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1131/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar stevíóglýkósíð <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1160/2011 frá 14. nóvember 2011 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2011 frá 14. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/2009 að því er varðar skrárnar yfir steinefni sem bæta má í matvæli <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1170/2011 frá 16. nóvember 2011 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1171/2011 frá 16. nóvember 2011 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1282/2011 frá 28. nóvember 2011 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli <sup>(10)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 178.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 205.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 26.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 29.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 299, 17.11.2011, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 299, 17.11.2011, bls. 4.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 22.

- 11) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1258/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir nítröt í matvælum <sup>(1)</sup>.
- 12) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1259/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir díoxín, PCB-efni, sem líkjast díoxíni, og PCB-efni, sem ekki líkjast díoxíni, í matvælum <sup>(12)</sup>.
- 13) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

##### *1. gr.*

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzi (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB):  
„– **32011 R 1161**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2011 frá 14. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 29).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):  
„– **32011 R 1161**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2011 frá 14. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 29).“
3. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):  
„– **32011 R 1258**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1258/2011 frá 2. desember 2011 (Stjtið. ESB L 320, 3.12.2011, bls. 15),  
– **32011 R 1259**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1259/2011 frá 2. desember 2011 (Stjtið. ESB L 320, 3.12.2011, bls. 18).“
4. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/2009):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32011 R 1161**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2011 frá 14. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 29).“
5. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):  
„– **32011 R 1129**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1),  
– **32011 R 1130**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1130/2011 frá 11. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 178),  
– **32011 R 1131**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1131/2011 frá 11. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 205).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):  
„– **32011 R 1282**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1282/2011 frá 28. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 22).“
7. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 63. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/91/ESB):  
„64. **32011 R 0234**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 234/2011 frá 10. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 15).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 320, 3.12.2011, bls. 15.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 320, 3.12.2011, bls. 18.



65. **32011 R 1160**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1160/2011 frá 14. nóvember 2011 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 26).
66. **32011 R 1170**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1170/2011 frá 16. nóvember 2011 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 299, 17.11.2011, bls. 1).
67. **32011 R 1171**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1171/2011 frá 16. nóvember 2011 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 299, 17.11.2011, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 234/2011, 1129/2011, 1130/2011, 1131/2011, 1160/2011, 1161/2011, 1170/2011, 1171/2011, 1282/2011, 1258/2011 og 1259/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 106/2012****2012/EES/56/04****frá 15. júní 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(1)</sup>, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 <sup>(2)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1336/2008 frá 16. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 648/2004 til að laga hana að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna <sup>(3)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/112/EB frá 16. desember 2008 um breytingu á tilskipunum ráðsins 76/768/EBE, 88/378/EBE og 1999/13/EB og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB, 2002/96/EB og 2004/42/EB í því skyni að laga þær að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna <sup>(4)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 453/2010 frá 20. maí 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) <sup>(5)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 440/2010 frá 21. maí 2010 um þóknarir sem greiða skal Efnastofnun Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna <sup>(6)</sup>.
- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 falla úr gildi 1. júní 2015 tilskipun ráðsins 67/548/EBE <sup>(7)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB <sup>(8)</sup>. Tilskipanirnar hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum 1. júní 2015.
- 7) II. og XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði II. viðauka við EES-samninginn breytist eins og tilgreint er í I. til III. viðauka við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21ab (tilskipun ráðsins 1999/13/EB), lið 32e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB) og lið 32fa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32008 L 0112:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/112/EB frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 68).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 1, 3.1.1994, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 60.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 68.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 133, 31.5.2010, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 126, 22.5.2010, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1272/2008 og 1336/2008, reglugerða (ESB) nr. 440/2010 og 453/2010 og tilskipunar 2008/112/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## I. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012

Ákvæði II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 67/548/EBE) og í lið 12r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB) í XV. kafla:

„– **32008 R 1272**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).“

2. Texti aðlögunarákvæðis c) í 1. lið (tilskipun ráðsins 67/548/EBE) í XV. kafla hljóði svo:

„Eftirfarandi ákvæði taka ekki til Noregs:

- i) Ákvæði 30. gr., með hliðsjón af 4. og 5. gr., að því er varðar kröfur um flokkun og/eða sértæk styrkleikamörk efna eða efnahópa sem getið er í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og fram koma í listanum hér á eftir. Norskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar kröfur um flokkun og/eða sértæk styrkleikamörk þessa efnis,

Heiti	CAS nr.	Skrárrnr.	EINECS
akrýlamíð	79-06-1	616-003-00-0	201-173-7

- ii) Ákvæði 30. gr., með hliðsjón af 4. og 6. gr., að því er varðar kröfur um flokkun og/eða sértæk styrkleikamörk efna eða efnahópa sem ekki er getið í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og fram koma í listanum hér á eftir. Norskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar kröfur um flokkun, merkingu og/eða sértæk styrkleikamörk þessara efna,

Heiti	CAS nr.	Skrárrnr.	ELINCS
metýlakrýlamíðglýkólat (sem inniheldur ekki minna en eða jafnt og 0,01% af akrýlamíði og ekki meira en 0,1%)	77402-05-2	[NOR-UNN-02-91]	403-230-3
metýlakrýlamíðmetoxýasetat (sem inniheldur ekki minna en eða jafnt og 0,01% af akrýlamíði og ekki meira en 0,1%)	77402-03-0	[NOR-UNN-03-01]	401-890-7

- iii) Undanþágur þessar falla úr gildi frá og með 1. júní 2012, ef stjórnvöld í Noregi framfylgja ekki, fyrir þann dag, í samræmi við 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, tillögum um samhæfða flokkun og merkingu sem voru sendar Efnastofnun Evrópu 1. júní 2009 til stuðnings við strangari flokkun og merkingu.

Ef málsmeðferð við samræmingu flokkunar og merkingar sem mælt er fyrir um í 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 er fylgt eftir skulu undanþágurnar endurskoðaðar fyrir 31. desember 2013. Ef lýst er stuðningi við undanþágurnar með niðurstöðu þeirrar málsmeðferðar, er heimilt að viðhalda undanþágunum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ef slík ákvörðun liggur ekki fyrir hinn 1. júlí 2014 skulu undanþágurnar falla úr gildi þann dag.“

3. Texti aðlögunarákvæðis d)ii) í lið 12r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB) í XV. kafla falli brott.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12u (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004) í XV. kafla:

„– **32008 R 1336**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1336/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 60).“

5. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla:

„– **32008 R 1272**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1),

– **32010R 0453**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 453/2010 frá 20. maí 2010 (Stjtið. ESB L 133, 31.5.2010, bls. 1).“

6. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1103/2010) í XV. kafla:

„12zze. **32008 R 1272**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Stjórnvöldum í Liechtenstein skal ekki skylt að koma upp þjónustuborði í skilningi 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Þess í stað munu þau vísa á þjónustuborð þýsku sambandsstofnunarinnar um öryggi og hollustuhætti á vinnustað á vefsíðum þeirrar stofnunar í Liechtenstein sem hefur með höndum efnaeftirlit, þ.e. Umhverfisskrifstofunnar.
- b) Eftirfarandi ákvæði taka ekki til Noregs:
- i) Ákvæði 51. gr., með hliðsjón af 4. gr. og 1. mgr. 46. gr., að því er varðar kröfur um flokkun, merkingu og/eða sértæk styrkleikamörk efna eða efnahópa sem getið er í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og fram koma í listanum hér á eftir. Norskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar kröfur um flokkun, merkingu og/eða sértæk styrkleikamörk þessa efnis,

Heiti	CAS nr.	Skrárrnr.	EINECS
akrýlamíð	79-06-1	616-003-00-0	201-173-7

- ii) Ákvæði 51. gr., með hliðsjón af 4. gr. og 1. mgr. 46. gr., að því er varðar kröfur um flokkun, merkingu og/eða sértæk styrkleikamörk efna eða efnahópa sem ekki er getið í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og fram koma í listanum hér á eftir. Norskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar kröfur um flokkun, merkingu og/eða sértæk styrkleikamörk þessara efna,

Heiti	CAS nr.	Skrárrnr.	ELINCS
metýlakrýlamíðglýkólát (sem inniheldur ekki minna en eða jafnt og 0,01% af akrýlamíði og ekki meira en 0,1%)	77402-05-2	[NOR-UNN-02-91]	403-230-3
metýlakrýlamíðmetoxýasetat (sem inniheldur ekki minna en eða jafnt og 0,01% af akrýlamíði og ekki meira en 0,1%)	77402-03-0	[NOR-UNN-03-01]	401-890-7

- iii) Ákvæði 51. gr., með hliðsjón af 4. gr. og 1. mgr. 46. gr., að því er varðar blöndur sem innihalda efni, eins og skilgreint er í texta aðlögunarákvæða i) og ii) hér að framan.
- iv) Undanþágur þessar falla úr gildi frá og með 1. júní 2012, ef stjórnvöld í Noregi framfylgja ekki, fyrir þann dag, í samræmi við 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, tillögum um samhæfða flokkun og merkingu sem voru sendar Efnastofnun Evrópu 1. júní 2009 til stuðnings við strangari flokkun og merkingu.

Ef málsmeðferð við samræmingu flokkunar og merkingar sem mælt er fyrir um í 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 er fylgt eftir skulu undanþágurnar endurskoðaðar fyrir 31. desember 2013. Ef lýst er stuðningi við undanþágurnar með niðurstöðu þeirrar málsmeðferðar, er heimilt að viðhalda undanþágunum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ef slík ákvörðun liggur ekki fyrir hinn 1. júlí 2014 skulu undanþágurnar falla úr gildi þann dag.

- c) Íslensk og norsk útgáfa yfirlýsinganna sem um getur í 21. og 22. gr. koma fram í viðbætum 5 og 6, í þeirri röð.

12zzf. **32010 R 0440**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 440/2010 frá 21. maí 2010 um þóknaniir sem greiða skal Efnastofnun Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (Stjtið. ESB L 126, 22.5.2010, bls. 1).“

7. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 67/548/EBE) og liðar 12r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB) í XV. kafla falli brott 1. júní 2015.
8. Viðbætur 3 (SKRÁ YFIR HÆTTULEG EFNI Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN RÁÐSINS 67/548/EBE) og viðbætur 4 (SKRÁ YFIR HÆTTULEG EFNI Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN RÁÐSINS 67/548/EBE) falli brott 1. júní 2015.
9. Viðbætur 5 (Hættu- og varnaðarsetningar á íslensku) og viðbætur 6 (Hættu- og varnaðarsetningar á norsku) bætist við, eins og fram kemur í II. og III. viðauka við þessa ákvörðun, í þeirri röð.
10. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla og í 1. lið (tilskipun ráðsins 88/378/EBE) í XXIII. kafla:  
„– **32008 L 0112**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/112/EB (Stjtið. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 68).“
11. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB) í XVII. kafla:  
„– **32008 L 0112**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/112/EB (Stjtið. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 68).“

## II. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012

## Viðbætur 5

Hættu- og varnaðarsetningar á íslensku

Eftirfarandi bætist við í III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1272/2008:

Nr.	Íslenska
H200	Óstöðugt, sprengifimt efni.
H201	Sprengifimt efni, hætta á alsprengingu.
H202	Sprengifimt efni, mikil hætta á sprengibroti.
H203	Sprengifimt efni, hætta á bruna, höggbylgju eða sprengibrotum.
H204	Hætta á bruna eða sprengibrotum.
H205	Hætta á alsprengingu í bruna.
H220	Afar eldfim lofttegund.
H221	Eldfim lofttegund.
H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnunum.
H223	Úðabrúsi með eldfimum efnunum.
H224	Afar eldfimur vökvi og gufa.
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa.
H226	Eldfimur vökvi og gufa.
H228	Eldfimt, fast efni.
H240	Sprengifimt við hitun.
H241	Eldfimt eða sprengifimt við hitun.
H242	Eldfimt við hitun.
H250	Kviknar í sjálfkrafa við snertingu við loft.
H251	Sjálffhitandi, hætta á sjálfsvikun.
H252	Sjálffhitandi í miklu efnismagni, hætta á sjálfsvikun.
H260	Í snertingu við vatn myndast eldfimar lofttegundir sem er hætt við sjálfsvikun.
H261	Eldfimar lofttegundir myndast við snertingu við vatn
H270	Getur valdið eða aukið bruna, eldmyndandi (oxandi).
H271	Getur valdið bruna eða sprengingu, mjög eldmyndandi (oxandi).
H272	Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi).
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við hitun.
H281	Inniheldur kælda lofttegund, getur valdið kalsárum.
H290	Getur verið ætandi fyrir málma.
H300	Banvænt við inntöku.
H301	Eitrað við inntöku.
H302	Hættulegt við inntöku.
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H310	Banvænt í snertingu við húð.
H311	Eitrað í snertingu við húð.
H312	Hættulegt í snertingu við húð.

Nr.	Íslenska
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
H315	Veldur húðertingu.
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
H318	Veldur alvarlegum augnskaða.
H319	Veldur alvarlegri augnertingu.
H330	Banvænt við innöndun.
H331	Eitrað við innöndun.
H332	Hættulegt við innöndun.
H334	Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun.
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
H336	Getur valdið sljóleika eða svima.
H340	Getur valdið erfðagöllum (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H341	Grunað um að valda erfðagöllum (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H350	Getur valdið krabbameini (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H351	Grunað um að valda krabbameini (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H360	Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði (tilgreinið sérstök áhrif ef þau eru kunn) (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H361	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði (tilgreinið sérstök áhrif ef þau eru kunn) (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H362	Getur skaðað börn á brjósti.
H370	Skaðar líffæri (eða tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H371	Getur skaðað líffæri (eða tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H372	Skaðar líffæri (tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) við langvinn eða endurtekin váhrif (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H373	Getur skaðað líffæri (tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) við langvinn eða endurtekin váhrif (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).
H400	Mjög eitrað lífi í vatni.
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
H413	Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni.
H350i	Getur valdið krabbameini við innöndun.
H360F	Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi.
H360D	Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.



Nr.	Íslenska
H361f	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi.
H361d	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H360FD	Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H361fd	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H360Fd	Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H360Df	Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi.
EUH 001	Sprengifimt sem þurrefni.
EUH 006	Sprengifimt með og án andrúmslofts.
EUH 014	Hvarfast kröftuglega við vatn
EUH 018	Getur myndað eldfimar eða sprengifimar blöndur af efnagufu og andrúmslofti við notkun.
EUH 019	Getur myndað sprengifim efnasambönd (peroxíð).
EUH 044	Sprengifimt við hitun í lokuðu rými.
EUH 029	Myndar eittraða lofttegund í snertingu við vatn.
EUH 031	Myndar eittraða lofttegund í snertingu við súru.
EUH 032	Myndar mjög eittraða lofttegund í snertingu við súru.
EUH 066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
EUH 070	Eitrað í snertingu við augu.
EUH 071	Ætandi fyrir öndunarfærin.
EUH 059	Hættulegt ósonlaginu.
EUH 201/201A	Inniheldur blý. Notist ekki á yfirborð hluta sem ætla má að börn tyggi eða sjúgi. Varúð! Inniheldur blý.
EUH 202	Sýanóakrýlat. Hætta. Límist við húð og augu á nokkrum sekúndum. Geymist þar sem börn ná ekki til.
EUH 203	Inniheldur sexgilt króm. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
EUH 204	Inniheldur ísósýanöt. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
EUH 205	Inniheldur epoxýefniþætti. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
